

Alþingi  
Erindi nr. P 127/249  
komudagur 27.11.2001

Kópavogi, 20. nóvember 2001.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérstakt átak til að treysta byggð landsins og efla atvinnulíf á landsbyggðinni.

Ferðamálasamtök Íslands fagna því, að þingmenn VG vilji efla byggðir landsins og ekki síst ef hugur þeirra í atvinnumálum beinist að mikilvægi ferðaþjónustu fyrir þjóðarbúið. Það hefur verið erfiður róður undanfarin ár að fá þingmenn til að auka framlög ríkisins til ferðaþjónustu í landinu.


Víðast hvar í heiminum hefur ferðaþjónusta verið skoðuð sem viðskiptatækifæri þjóða en ekki sem niðurgreiðslur eða styrkir. Það sem ferðaþjónustan þarf á að halda um þessar mundir er aðallega tvennt. Í fyrsta lagi þarf mikið átak í markaðssetningu landsins erlendis til að tryggja áframhaldandi fjölgun ferðamanna til landsins og þá helst þá markhópa, sem eyða munu meir meðan á dvöl stendur en ferðamenn til þessa. Nýsjálendingar hafa t.d. reiknað út, að ef fjöldi ferðamanna stendur í stað í þeirra landi en þeir eyði 1% meir jafngildir það fyrir þjóðarbúið 12% fjölgun ferðamann með óbreytta eyðslu. Í öðru lagi verður á einhvern hátt að styrkja stöðu hinna fjölmörgu litlu ferðaþjónustuaðila um allt land. Staðreyndin er sú, að þessir frumkvöðlar settu á sínum tíma aleigu fjölskyldna sinna undir og flestir fóru af stað með of lítið rekstrarfé og oft lítt grundaðar viðskiptaáætlanir. Það var látið slag standa og tilfinningin réði för. Nú eru mjög margir þessara sömu aðila búnir að eyða miklu fé í vöruþróun síðustu 5 eða 10 ár, fjármagnið búið og reksturinn gengur frá einum tíma til annars á dýrum yfirdrætti í banka í þeirri von, að á næsta ári takist að rétta úr kútnum.

Þetta eru stærstu vandamál ferðaþjónustunnar á landsbyggðinni, ónógur fjöldi ferðamanna til að geta rekið fyrirtækin allt árið með nægum stöðugleika og skortur á þolinmóðu áhættufjármagni.

Hvað varðar þessa tilteknu tillögu til þingsályktunar virðist sérkennilegt, að flutningsmenn skuli einbeita sér að Austurlandi, einmitt því landssvæði, sem ákveðið hefur verið að styrkja atvinnuástandið verulega á með virkjunarframkvæmdum og álveri á Reyðarfirði.

Ferðamálasamtök Íslands eru ósammála tillögunni, hvað varðar þessar áherslur og einnig því að taka svo mikið fjármagn til eins svæðis. Nær væri að endurskoða framlög til grundvallarþátta í ferðaþjónustu eins og til Ferðamálaráðs Íslands og lögboðinna verkefna þess, markaðssetningar landsins samfara framlögum til grunnuppbyggingar ferðaþjónustu á svæðunum.

Virðingarfyllst,  
F.h. Ferðamálasamtaka Íslands

  
Pétur Rafnsson, formaður.